

10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu senda Fiskistofu skýrslur um veiðarnar.

11. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þeir telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 92, 28. febrúar 1994, um hrognkelsveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið 1. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 339, 22. júní 1994,
um loðnuveiðar 1994/1995.**

1. gr.

Ákvæðið til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo: Á loðnuvertíðinni 1994/1995 sbr. 1. gr. skal 817.775 lestum af loðnu úthlutað til þeirra íslensku fiskiskipa, sem aflahlutdeild hafa í loðnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.